

Hvernig skal tengjast Wi-Fi

Frá aðalskjá vindunar, skal ýta á VINSTRI ÖR þar til komið er á Wi-Fi stillingaskjá, merktur með eftirfarandi merki.



Á þessum skjá eru upplýsingar um núverandi stöðu Wi-Fi tengingar.

1. Ýta á STJÖRNU takkann og síðan HÆGRI ÖR. Þá ætti stækkunarglers merkið að blikka.



- 2. Ýta á ENTER takkann. Þá byrjar vindan að leita að mögulegum tengingum.
- 3. Þegar vindan hefur fundið mögulegar tengingar, skal velja rétta tengingu með ENTER takkanum.
- 4. Nú ætti að birtast lyklaborð á skjánum. Nota skal ÖRVATAKKANA til að velja stafi og ENTER til að staðfesta val. Lyklaborðið er á 3 síðum og hægt er að breyta um síður með STJÖRNU takkanum. Hafið í huga að það skiptir máli hvort stafir séu litlir eða stórir í lykilorði.
- 5. Þegar lykilorðið hefur verið slegið inn, skal velja "Vista" takkann og ýta á ENTER.

Ef allt var gert rétt, ætti vindan að tengjast Wi-Fi tengingu. Ef vindan nær ekki tengingu skal endurtaka skrefin hér fyrir ofan og gæta þess að lykilorð sé rétt slegið inn.

Ef vindan finnur ekkert net eftir skref 2, skal halda inni STJÖRNU til að endurræsa Wi-Fi viðmóti. Eftir það skal prófa aftur.

Ef vindan finnur en ekkert net er hægt að búa til farsímaaðgangsstað (e. Hotspot) með nafninu "DNG" og lykilorðinu "DNGR1.2022". Ýta svo á HÆGRI ÖR þar til komist er á skjásíðu 3 og velja þar "Endustilla vindu". Nú ætti vindan að tengjast sjálfkrafa við "DNG" netið og þá



er hægt að leita að öðrum netum og tengjast við þau. Þegar vindan nær tengingu við annað net en "DNG" má slökkva á farsímaaðgangsstaðnum. Þetta ferli á ekki að burfa að endurtaka.

Hvernig skal stofna eigið Wi-Fi í vindu

Eins og lýst er hér fyrir ofan, skal fara á Wi-Fi stillingarskjá



- Ýta á STJÖRNU takkann. Þá ætti Wi-Fi merkið að blikka →
- 2. Ýta á UPP takkann. Þá ætti stækkunarglers merkið að hverfa, og Wi-Fi merkið að breytast í þetta merki → ((•))

Vindan ætti núna sjálfkrafa að stofna Wi-Fi tengingu sem aðrar vindur geta tengst. Á þessari tengingu er ekkert lykilorð, og því þarf ekki að slá neitt inn þegar reynt er að tengjast henni.

Hafið í huga að til þess að tengja vindu við R1 Manager þarf vindan að vera tengd við sama Wi-Fi og tölvan sem keyrir R1 Manager forritið.